

Nefndasvið Alþingis

4. maí 2017

**Efni: Umsögn framkvæmdastjórnar Sjúkrahússins á Akureyri um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2018–2022, 146. löggjafarþing 2016–2017. Þingskjal 533 - 402. mál.**

- Það veldur áhyggjum hve takmörkuð raunaukning virðist vera á framlögum til að mæta þörf fyrir aukna þjónustu og nauðsynlega uppbyggingu sjúkrahúspjónustunnar.
- Með raunaukningu um 338 m.kr. fyrir málefnasvið 23 *Sjúkrahúspjónusta* milli árana 2017 og 2018 þar sem bæði er innifalin aukning til rekstrar og stofnkostnaðar er vandséð hvernig komið verður til móts við aukningu í þjónustu og þróun sjúkrahússtarfseminnar.
- Þrátt fyrir aukningu í fjárveitingum milli ára síðar á tímabilinu þá virðast megin upphæðirnar fara í stofnkostnað.
- Stöðug aukning er eftir þjónustu hjá SAK sem endurspeglast í aukinni starfsemi m.a. vegna samþjöppunar þjónustu í heilbrigðisumdæminu, aldurs samsetningu íbúa og fleiri ferðamanna auk þess sem lögð hefur verið áhersla á að bæta við þjónustubáttum svo íbúar þurfi síður að sækja þjónustu út fyrir megin starfssvæði sjúkrahússins. Starfsemistölur það sem af er ári benda til þess að ekki sé lát á aukningunni. Þá gæti fjölgunnar ferðamanna víða í rekstrinum en tæp 4% koma á bráðamóttöku árið 2016 voru ósjúkratryggðir einstaklingar. Taflan hér að neðan dregur saman þróun starfseminnar síðustu 5 árin. Eins og sjá má hefur verið stöðug aukning í komum dag- og göngudeildir, á bráðamóttöku og legudögum á legudeildum fjölgar milli ára sem og rannsóknum. Meðallegutími legudeilda er 4,6 dagar og hefur styst um 4% á tímabilinu.

	2012	2013	2014	2015	2016
Sjúklingafjöldi, dvalir/komur	10.910	10.291	10.826	11.180	12.381
Skurðaðgerðir	2.777	2.754	2.843	2.821	3.393
Slysadeildarkomur	13.514	14.626	16.211	16.519	17.396
Ferliverk lækna	686.500	687.100	742.500	769.100	816.300
Göngudeildarkomur	5.403	5.991	6.655	6.451	7.442
Legudagar	33.290	32.530	34.280	34.420	35.810
Speglanir	1.418	1.379	1.487	1.412	1.465
Myndgreiningar	25.820	27.090	28.200	29.700	31.460
Alm. rannsóknir	197.100	208.400	218.300	213.600	253.300

- Í textanum um málefnasviðið, bls. 68-69, eru talin upp fjölmörg atriði þar sem getið er um auknar fjárveitingar til skilgreindra verkefna og er það vel. Starfsemistölur sérhæfðu sjúkrahúsanna beggja segja okkur að starfsemi SAK eru um 12% - 16% af starfsemi Landspítala þar sem starfsemin er sambærileg. Þá er hlutfallsleg samsetning fagstétta sjúkrahúsanna mjög áþekkt. Verkefni og áskoranir sem stofnanirnar standa frammi fyrir eru ekki mikið frábrugðnar svo sem þörf fyrir fjölgun heilbrigðisstarfólks.

- Mat á þörf fyrir raunaukningu fjárframlaga milli árana 2017 og 2018 er skilgreind hér að neðan. Árleg þörf á næstu árum miðað við sambærilega aukningu á starfsemi og sl. 5 ár er á bilinu 3-4%:
  - I. Aukin ásókn í þjónustu – árlegur viðbótar rekstrarkostnaður um 370+ mkr.**
    - ✓ Almenn aukning og þróun á starfsemi - 180 mkr.
      - a. M.a. vegna samþjöppunar þjónustu í heilbrigðisumdæminu, aldurs samsetningu íbúa og fleiri ferðamanna.
      - b. Endurnýjun og þróun rafrænna kerfa
      - c. Skurðstofuþjónusta
      - d. Fjarheilbrigðisþjónusta
      - e. Sjúkrahúsapótek og lyfjaþjónusta
      - f. Þróun starfsnáms, kennslu og vísindastarfs
    - ✓ Efling og þróun sérhæfðrar göngudeildarþjónustu – 80 mkr.  
Þjónusta göngudeilda hefur farið ört vaxandi og þjónar æ fleiri sjúklingahópum:
      - a. Þjónusta við krabbameinssjúka, sérhæfðar lyfjameðferðir, hjarta- og lungna sjúkdómar, innkirtlasjúkdómar og önnur almenn göngudeildarþjónusta
      - b. Dag- og göngudeildarþjónusta geðdeildar
      - c. Geðheilbrigðisþjónusta við börn og unglinga
      - d. Göngudeildarþjónusta við veika aldraða einstaklinga
    - ✓ Bætt þjónusta á bráðamóttöku – 25 mkr.
    - ✓ Mönnunarmál – einkum læknamönnun – 85 mkr
      - a. Fjölgun unglækna / sérnámslækna
      - b. Kostnaður vegna mönnunarátaks lækna
      - c. Fjármögnun kjarasamninga lækna frá 2015
  - II. Stofnkostnaður og nýframkvæmdir.**
    - ✓ Ný legudeildarálma
      - a. Brýnt er að verkefnið komist á framkvæmdastig án tafar. Bygging nýrrar legudeildar við SAK er sett síðast á tímabilið en þyrfti að komast af stað fyrr. Það liggur fyrir mat á aukinni þörf fyrir legudeildarrými og núverandi legudeildir uppfylla ekki þær kröfur sem gerðar eru í dag og sumar óviðunandi og óforsvaranlegar til lengri tíma að mati Embættis landlæknis. Það er því verulegt áhyggjuefni ef stjórnvöld draga stækkun á Sjúkrahúsinu á Akureyri á langinn. Í ár fengust 30 m.kr. til að vinna að undirbúningi og halda þarf þeim dampi áfram. Í skýrslu vinnuhóps velferðarráðuneytisins frá sept. 2015 kom fram að það þurfi um 500 m.kr til hönnunar og áætlunargerðar. Gott væri að sú vinna gæti hafist á næst ári.
    - ✓ Nýframkvæmdir
      - a. Innrétting á þakrými til að bregðast nú þegar við aukinni húsnæðisþörf og bæta öryggi. Kostnaður um 175 mkr.
    - ✓ Fjármagn til kaupa á búnaði og tækjum - Endurskoðuð tækjakaupaáætlun bendir til að á næstu 5 árum verði árleg fjárþörf að jafnaði um 230-235 mkr. Árið 2018 eru einungis 99 mkr. skv. samþykktari tækjakaupaáætlun ráðherra frá 2013. Viðbótarþörf 135 mkr.
  - Í textanum á bls. 68 er getið um að aukning vegna erlendrar sjúkrahúsþjónustu verði um 400 m.kr. á ári til að koma til móts við umframútgjöld vegna biðtímamála. Ætla mætti að hyggilegra væri að bæta við rekstrarfé sjúkrahúsanna svo auka megi afköst og halda biðtímum innan settra viðmiða.
  - Varðandi málefna svið 24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa þá stingur í augu að fjárframlög vegna samninga við sérfræðilækna vaxa verulega og þá væntanlega í takt við

aukin umsvif. Þarna er misjafnlega tekið á málum við fjármögnun magnaukningar hjá sérfræðilæknum annars vegar og aukinna umsvifa í rekstri sjúkrahúsjónustu hins vegar. Það skapar mikið ójafnvægi milli þessara greiðslukerfa.

- Af því sem hér kemur fram er því ekki að ástæðulausu að við hér á sjúkrahúsinu höfum áhyggjur af fjárframlögum til starfseminnar á næstu árum svo unnt sé að mæta þörfum íbúanna.

Fyrir hönd Sjúkrahússins á Akureyri



Bjarni Jónasson, forstjóri